

**Ed.**

## **546. Nefndarálit**

um frv. til laga um styrk til vatnsveitna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það ýtarlega á nokkrum fundum. Er hún sammála um, að nauðsyn beri til, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, en leggur til, að það verði afgreitt í nokkuð breyttu formi. Eins og frv. er nú, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður veiti sveitarfélögum óafturkræft framlag til að koma upp vatnsveitum, er nemi allt að helmingi af kostnaði við stofnæðar, dælur og jarðboranir, og nái styrkur þessi eingöngu til þeirra vatnsveitna, sem komið verði upp eftir að frv. verður að lögum. Jafnframt er ætlað til, að ríkisstjórninni sé heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir þessar sömu stofnæðar. Annan eða meiri styrk er ekki ætlað til, að ríkissjóður veiti. Nú er það ljóst, að hlutföllin á milli kostnaðar við stofnæðar og þess, sem undir þær falla samkv. 4. gr., og dreifingarkerfisins, sbr. 5. gr., eru afar mismunandi eftir staðháttum og það svo, að á einum stað getur stofnæðin með tilheyrandi verið meginhluti kostnaðarins, en á öðrum stað alveg það gagnstæða. Gæti þá hvor staðurinn sem væri þurft fjárhagslega aðstoð fram yfir það, sem frv. gerir ráð fyrir. Þá er það og jafnljóst, að ef vatnsveitu er komið upp með fyrirhyggju og fyrirtækinu jafnframt tryggð eðlileg fjárhagsleg aðstoð, svo sem hagstæð lán til lengri tíma, getur veitan sem oftast sjálf staðið undir öllum kostnaði með eðlilegum og hæfilegum vatnsskatti. Þá er á það að líta, að þar, sem svo hagar til, að stofnæðar og kerfi kostar hvort fyrir sig mikið fé, getur svo farið, að sú fjárhagslega aðstoð, sem frv. gerir ráð fyrir, verði ekki fullnægjandi, eins og hitt er og ljóst, að þar, sem kostnaður kerfisins er meginkostnaður veitu, er aðstoð ríkisins samkv. frv. sára lítills virði. Nefndinni þykir og vanta inn í frv. ákvæði um aðstoð til þeirra sveitarfélaga, sem á undanförunum árum hafa komið upp hjá sér dýrum veitum eða hafizt handa um framkvæmdir í þá átt. Og að síðustu þykir nefndinni rétt, að í þessu frv., ef að lögum verður, séu fyrirmæli, sem tryggja sveitarfélögum eignarrétt yfir veitum, sem fyrir kynnu að vera að öllu eða einhverju leyti og eru í eign einstaklinga, því að vel mætti svo fara, að þær stæðu beint fyrir því, að ráðizt yrði í að koma upp fullkominni veitu á staðnum. Nefndin er því sammála um að færa frv. í það horf, að í stað þess, að ríkissjóður leggi fram allt að helmingi óafturkræfs framlags af kostnaði stofnæða, skuli ríkissjóður lána upphæðina vaxtalaus í 10 ár, ef nauðsynlegt sé, en síðan verði hún endurgreidd með 4% á 20 árum. Enn fremur sé ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán fyrir hönd ríkissjóðs fyrir allt að 85% af heildarkostnaði, enda fari lán og ábyrgð sameiginlega aldrei fram úr því hámarki, að sams konar fjárhagsleg aðstoð verði veitt til veitna, sem komið hefur verið upp eftir 1942, ef þess er þörf, og að sveitarfélögum verði tryggður eignarréttur yfir veitum einstaklinga, ef það þykir nauðsynlegt.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

## BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Ríkissjóður veitir sveitarfélögum fjárhagslega aðstoð til að koma upp vatnsveitum, sem gerðar eru samkvæmt fyrirætlunum þessara laga.
2. Við 2. gr.
  1. másl. orðist svo:  
Nú vill sveitarfélag koma upp vatnsveitu og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði, og skal sveitarstjórn þá, að loknum undirbúningi eins og fyrir er mælt í 28. gr. l. nr. 15 20. júní 1923, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:  
Fái vatnsveita, sem ráðherra hefur samþykkt samkv. 3. gr., eigi nægilegar tekjur af vatnsskatti og eigi þykir gerlegt að hækka hann svo, að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum, þar með talið vextir og afborganir af stofnkostnaði, skal ríkissjóður veita viðkomandi sveitarfélagi lán, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, til þess að greiða allt að helmingi af stofnkostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Má veita lánið vaxtalaust og afborgunarlaust fyrstu 10 árin, en eftir þann tíma skal það endurgreitt á 20 árum með jöfnum afborgunum og 4% ársvöxtum.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:  
Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn tryggingum, er hún metur gildar, nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til að koma upp vatnsveitu samkv. 2. og 3. gr. þessara laga. Má ábyrgðin og lán samkv. 4. gr. þó aldrei fara sameiginlega yfir 85% af stofnkostnaði allrar veitunnar.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:  
Þau sveitarfélög, sem þegar hafa hafizt handa um að koma upp vatnsveitu eða hafa eignazt hana eftir 1942 og megna ekki fjárhagslega að standa undir stofnkostnaði, geta einnig notið sams konar fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr. þessara laga, enda uppfylli þau fyrirætlun laganna, eftir því sem við á.
6. Á eftir 6. gr. komi ný grein, er orðist svo (og breytist greinatalan eftir því):  
Nú óskar sveitarfélag að kaupa vatnsveitu einstaklinga eða félaga, sem fyrir kann að vera á veitusvæði þess, og vill fá til þess fjárhagsaðstoð ríkissjóðs. Skal sveitarstjórnin þá senda ráðherra um það beiðni, ásamt frumdráttum að mannvirkjum. Beiðninni fylgi einnig upplýsingar um samningsverð eða matsverð dómkvaddra manna. Samþykki ráðherra kaupin, nýtur sveitarfélagið sama réttar til fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr., enda uppfylli það fyrirætlun laganna, eftir því sem við á.  
Náist ekki samkomulag við eigendur um sölu veitunnar, er heimilt að taka hana eignarnámi.
7. Við 7. gr. Í stað orðanna „er vatnsins njóta“ í 1. másl. 1. mgr. komi: á veitusvæðinu.

Alþingi, 18. marz 1947.

Brynjólfur Bjarnason,  
form.

Lárus Jóhannesson,  
fundaskr.

Gísli Jónsson,  
frsm.

Hannibal Valdimarsson.

Hermann Jónasson.